23.- 30. september 2026

# Dagskrá íþróttaviku Evrópu og Snæfellsbæjar 2026

**Skógræktarskokk - 23. september kl. 17:00**

Hlaupahópur Snæfellsbæjar leiðir létt skokk frá íþróttahúsinu í skógræktina í Ólafsvík.

**Danskvöld með Jóni Pétri - 23. september kl. 20:00**

Stórkostlegt kvöld með Jóni Pétri í íþróttahúsinu í Ólafsvík. Dans, skemmtun og gleði fyrir fullorðna.

**Hundaganga - 24. september kl. 17:00**

Hundaganga frá Hundahorninu á Rifi. Allir í taum og gengið hringinn í kringum Rif.

**Dívurnar í sundlauginni - 23. og 28. september kl. 17:45**

Hress hópur kvenna stundar sundleikfimi tvisvar í viku. Allar konur velkomnar. Kennari er Suad Begic.

**Kvennablak - 23. og 28. september kl. 18:10**

Öflugur hópur stundar blak tvisvar í viku. Vel er tekið á móti öllum konum sem vilja mæta á æfingar.

**Sundleikfimi eldri borgara - 24. og 29. september kl. 10:50**

Líf og fjör í sundlauginni og heimsmálin rædd í heita pottinum. Tímarnir eru undir handleiðslu Suad Begic.

**Eldri borgarar í íþróttahúsinu - 25. og 28. september kl. 10:50**

Opinn tími fyrir eldri borgara í Snæfellsbæ. Allir velkomnir.

**Fyrirlestur í Heilsumiðstöðinni Lind - 27. september kl. 20:00**

Kynning í Heilsumiðstöðinni Lind um kviðnudd og hugleiðslu inn á innri líffæri líkamans með Höllu Himintungl.

Hámarksfjöldi 22 - skráning hjá Önnu Björk.

**Alla vikuna ætlar Ungmennafélagið Víkingur að bjóða krökkum upp á holla og hressa næringu eftir æfingar.**

FRÍTT Í
SUND
ALLA VIKUNA

**Heilsumiðstöðin Lind**

Anna Björk hjá Heilsmiðstöðinni Lind í Ólafsvík hefur skipulagt glæsilega viðburði hjá sér og hefur fengið fagaðila til að koma vestur og bjóða upp á sérfræðiþjónustu sína hér í Snæfellsbæ frá 23. - 30. september.

Meðal annars er hægt að fara í Bowen meðferð, höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð, kviðnudd, stjörnuspekilestur, heilun, tarot lestur og englareiki.

Nánari upplýsingar má finna hjá Önnu Björk í síma 865-7786 eða á Facebook-síðunni Bowen Anna.

**Við bendum á glæsilega dagskrá CF SNB. Frítt í stöðina alla vikuna.**

**Sólarsport verður með fría kennslu í tækjasal 23. - 25. september frá kl. 13:00 - 14:00.**

**Ýmis fyrirtæki í Snæfellsbæ verða með afslætti og tilboð á heilsutengdum vörum alla vikuna.**



**Þú ert frábær! Fyrirlestur 28. september**

Peppandi fyrirlestur um jákvæðni, hugrekki og valdeflingu með Kristjáni Hafþórssyni sem hefur haldið áhrifaríka fyrirlestra um allt land á síðustu árum auk þess sem hann heldur úti hlaðvarpinu Jákastið.

Fyrirlestur fyrir ungmenni frá kl. 17:00 - 18:00
Opinn fyrirlestur fyrir íbúa frá kl. 20:00 - 21:00

Fyrirlestrarnir eru Grunnskóla Snæfellsbæjar í Ólafsvík.

European Commission

#BEACTIVE